

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

6. FUNDUR – 21. desember 2010

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 6. fundar þriðjudaginn 21. desember 2010 kl. 17:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. *Fjárhagsáætlun 2011 – síðari umræða*
2. *Þriggja ára áætlun*
3. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 18. nóvember 2010*
 - b) *Bæjarráð frá 24. nóvember 2010*
 - c) *Bæjarráð frá 2. desember 2010*
 - d) *Bæjarráð frá 10. desember 2010*
 - e) *Bæjarráð frá 14. desember 2010*
 - f) *Bæjarráð frá 17. desember 2010*
 - g) *Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 10. desember 2010*

Afgreiðslur:

1. *Fjárhagsáætlun 2011 – síðari umræða*

Lögð fram fjárhagsáætlun 2011 til síðari umræðu. Ágúst Þór, forseti bæjarstjórnar, fór yfir áætlunina og breytingar á henni frá fyrri umræðu og Arnar Þór, bæjarstjóri, stiklaði á stóru í stefnuræðu sinni sem lögð var fram á fundinum. Fjármálastjóri Blönduóssbæjar, Valgerður Hilmarsdóttir og Þorsteinn Þorsteinsson, endurskoðandi Blönduóssbæjar mættu á fundinn og svöruðu spurningum varðandi áætlunina. Miklar umræður urðu um áætlunina.

Lögð var fram svohljóðandi bókun frá L-listanum:

Fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar 2011 var unnin af bæjarráði í góðri samvinnu meiri- og minnihluta. Sérstaklega var horft til þess að ná niður rekstarkostnaði sem hafði vaxið frá árinu 2009 og lögð áhersla á að viðhalda áfram góðri þjónustu við íbúa bæjarins. Áætlunin gerir ráð fyrir að rekstarkostnaður verði svipaður og árið 2009 og lækki um 7% frá yfirstandi ári. Tekjur ársins eru nánast óbreyttar og verður veltufé frá rekstri 9,3% og hækkar úr 4,3% á yfirstandandi ári. Rekstrarniðurstaðan er neikvæð um 7,5 milljónir samanborið við 53 milljón króna neikvæða niðurstöðu í áætlun 2010. Áætlanir gera ráð fyrir að reksturinn verði jákvæður frá árinu 2012. Fjárfestingar hafa verið gríðarlegar á síðustu þremur árum og nema yfir 600

milljónum króna. Fjárfestingar á næsta ári verða í algjöru lágmarki og munu nema um 7 milljónum króna. Fjárhagsáætlunin ber það með sér að sveitarfélagið býr að styrkum rekstri og stöðir þess eru traustar. Næstu ár verða nýtt til að lækka skuldir og búa í haginn fyrir framtíðina. Starfsmönnum og bæjarráði eru þökkuð góð störf við vinnslu fjárhagsáætlunar Blönduósbæjar.

Lögð var fram svohljóðandi bókun frá S-listanum:

Rekstur Blönduóssbæjar hefur farið úr böndunum á undanförunum árum. Þrátt fyrir að enn liggi ekki fyrir lokauppgjör vegna sundlaugarbyggingar má gera ráð fyrir að framkvæmdin hafi farið vel á annað hundrað milljónir fram úr áætlun. Fyrir vikið verður skuldastaðan verri. Í fjárhagsáætlun 2011 eru lögð drög að því að takast á við þennan veruleika þó margt sé eftir að gera áður en endanlegar útfærslur verða ljósar. Á komandi mánuðum mun S-listinn beita sér fyrir því að hagræðing og niðurskurður bitni ekki frekar á barnafólki og tekjulágum en orðið er.

Að þessu loknu bar forseti upp frumvarp Blönduósbæjar að fjárhagsáætlun 2011 með áörnum breytingum, fylgigögnum frumvarpsins, álagningarstuðlum skatta og þjónustugjalda og gjaldskrár vöru og þjónustu. Það var samþykkt með 7 atkvæðum samhljóða.

2. Þriggja ára áætlun

Lögð fram 3. ára fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar fyrir árin 2012-2014. Fyrri umræða. Nokkrar umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni var samþykkt að vísa áætluninni til síðari umræðu.

Fjármálastjóri og endurskoðandi yfirlögðu að því loknu fundinn.

3. Fundargerðir:

a. Bæjarráð frá 18. nóvember 2010

Fundargerðin er í tveimur liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

b. Bæjarráð frá 24. nóvember 2010

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

c. Bæjarráð frá 2. desember 2010

Fundargerðin er í átta liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

d. Bæjarráð frá 10. desember 2010

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

e. Bæjarráð frá 14. desember 2010

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Fundargerðin gefur ekki tilefni til ályktana.

f. Bæjarráð frá 17. desember 2010

Fundargerðin er í einum lið. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Eftir umræður var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

g. Skipulags-, byggingar- og veitunefnd frá 10. desember 2010

Fundargerðin er í 4 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:30

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Hilmar Þór Hilmarsson (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Hörður Ríkharðsson (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)